


# FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 



Sími: 555 7030  
www.burgerinn.is

Fimmtudagur 15. júní 2017 | 23. töl. 15. árg. | Upplag 10.500 eintök. | Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Vantar allar gerðir eigna á söluskrá!

Hafið samband við sölumenn okkar.



Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is  
Stofnuð 1983

*Jón Arnlúss*  
KÖKULIST

Treystu mér fyrir veislunni!

www.kokulist.is  
Firði • sími 555 6655

Litla Gæludýrabúðin  Fullkomið Hundabað

Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666

## Fjögurra daga Víkingahátíð hefst í dag

Fjöldi erlendra víkinga með mesta móti

Hin árlega Víkingahátíð Fjörkráarinnar hefst í dag og stendur til sunnudags. Óvenju margir erlendir listamenn taka nú þátt í hátíðinni en hátíðin er í senn fjölskylduhátíð og gleðihátíð. Handverksfólk sýnir og selur afurðir sínar, fylgjast má með eldsmiði, gullsmiði og fleiru handverksfólki. Rimmugýgur sýnir bardagalistir, Víkingaskóli barnanna hefst kl. 13.30 alla dagana, hægt er að prófa bogfimi og axaskaft og tónlistarmenn leika svo eitthvað sé nefnt.

Víkingahljómsveitin Kalabalik frá Svíðþjóð leikur alla dagana og Tyura Zhikova frá Yakutia syngur og leikur á munngígju.

Víkingaveisla er Fjörugarðinum öll kvöld með mat og söng svo engum ætti að láta sér leiðast á skemmtilegri Víkingaveislu.



Frá Víkingahátíðinni á síðasta ári.

ALLT FASTEIGNIR

Treystu okkur fyrir sölunni

www.alltfasteignir.is  
Bæjarhrauni 12 e.h. 560 5500  
Jakob Björgvin Jakobsson hdl., löggiltur fasteignasali

  
-stöðin

## TAXI

Hafnfirska leigubílastöðin

# 520 1212

ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

### Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði  
sími 578 0200

## Skoðaðu úrvalið á www.as.is

**Fagrahlíð 3**

Vel skipulögð 53,1 m<sup>2</sup> 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngang.

Verð 29,9 millj. kr.

**Vallarbraut 5**

Mikið endurnýjuð 88,2 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 3. hæð (efstu) í litlu fjölbýli á góðum útsýnisstað.

Verð 38,9 millj. kr.

**Kvistavellir 44**

Laus við kaupsamning. Glæsileg 92,6 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi með góðu útsýni.

Verð 38,9 millj. kr.

Stofnuð 1988

Fjarðargötu 17 | sími 520 2600 | www.as.is



# FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmíðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

## Sumarleyfi

Bæjarstjórn fer í sumarleyfi bæjarstjórnar frá og með 22. júní til og með 18. ágúst 2017. Fyrsti reglubundni fundur bæjarstjórnar eftir sumarleyfi verður þann 30. ágúst 2017.

Bæjarráð fer með umboð bæjarstjórnar á meðan.

## Viðurkenningar fræðsluráðs

Frá árinu 2008 hefur fræðsluráð Hafnarfjarðarbæjar veitt 1-3 viðurkenningar á ári til einstakra skóla-kerfna sem þykja til fyrirmyndar og einkennandi fyrir skapandi skólastarf í Hafnarfirði.



## Leidarinn

Uppland Hafnarfjarðar er eitt það fallegasta og fjölskrúðugasta sem nokkurt sveitarfélag býður upp á. Við höfum fjölbreytt hraunin sem runnið hafa þvert yfir hvert annað og í mis grónum hraununum má finna mannvistarleifar þar sem fólk hefur ekki aðeins ferðast um heldur einnig dvalið sumarlangt með sauðfé. Öttarsstaðasel, Fornasel, Lónakotssel, Gjásel og Straumssel eru glögg merki um mannbúskap en í Straumsseli var síðast búið á síðustu árum 19. aldur áður en húsin brunnu.

Viða má sjá marka í hraunhelluna eftir ferðir fólks með hesta og fé en sumar þessar götur eru að hverfa undir gróður. Viða í hraununum er kominn upp öflugur náttúrulegur birkiskógur og fleiri trjategundir skjóta upp kollinum. Mosinn er þó allsráðandi. Hraunin eru miserfíð yfirferðar og oft betra að halda sig við slóðana og hraun eins og Draughólshraun bera ekki nafnið að óseku en hraunið er afar erfitt yfirferðar. Annars staðar er kjarrskógur orðinn svo þéttur að þar er erfitt yfirferðar.

Ratleikur Hafnarfjarðar dregur sífelld fleiri bæjarbúa og aðra í uppland bæjarins en á hverju sumri eru 27 ratleiksmerkjum komið fyrir víða í bæjarlandinu og jafnvel út fyrir það og þáttakendur hafa svo allt sumarið til að finna merkin, njóta útiverunnar, uppgötva nýja staði um leið og keppt er um titilinn Léttfeti, Göngugarpurur eða Þrautakóngur Ratleiks Hafnarfjarðar. Gaman væri að sjá bæjarfulltrúa sem þáttakendur í Ratleikum í ár sem nú er haldinn í 20. sinn.

Viða má bæta merkingar og fróðleik mætti koma fyrir við merka staði og undarlegt má telja að hvergi sé t.d. upplýsingaskilti um hina merku vatnsveitu Hafnarfirðinga þegar menn fleyttu vatninu yfir gjár og hleypu svo niður í hraunið.

Guðni Gíslason ritstjóri.



## Víðistaðakirkja

Sunnudaginn 18. júní

### Hjólreiðamessa

Dagskrá:

Kl. 10:00 Lagt af stað frá Víðistaðakirkju Ástjarnarkirkju, Brekkuskógum og Víðalínkirkju.

Kl. 10:30 Hópar hittast við Hafnarfjarðarkirkju.

Kl. 10:45 Haldið að minnismerki við Hafnarfjarðarhöfn.

Kl. 11:10 Haldið að minnismerki um Hrafna Flóka.

Kl. 11:30 Hjólað að Ástjarnarkirkju.

Kl. 12:20 Haldið heim á ný.

Boðið verður upp á hressingu á leiðinni.

Munið eftir hjálmunum!

www.vidistadakirkja.is

Í ár hlutu þrjár skólar viðurkenningu. Öldutúnsskóli og leikskólinn Álfberg fyrir góðan starfsanda og skilvirka stjórnun og Hvaleyrarskóli fyrir fræðslu og fjölmenningsstarf á skólasafni.

## Hjartahnoðtæki gefið í Landhelgisgæsluþyrlu

Á Sjömannadaginn var Landhelgisgæslunni afhent hjartahnoðtæki til nota í þyrlu Gæslunnar. Meðal gefenda var Bergþór Ingibergsson og fjölskylda en Bergþór var í áhöfn Barðans GK-475 sem först undir Hólahólum á Snæfellsnesi fyrir 10 árum síðan. Þá

sýndi áhöfn TF-SIF hvers hún var megnug og bjargaði öllum skipsbrotsmönnum við gríðarlega erfðar aðstæður.

Bergþór er félagi í Kiwanisklúbbum Eldborg sem einnig var meðal rausnarlegra gefenda.



F.v.: Jón Halldór Bjarnason, forseti Kiwanisklúbbsins Elborgar; Bergþór Ingibergsson, Sigurður Steinar Ketilsson skipherra, Sirivan Khongjamroen eiginkona Bergþórs og fulltrúi LHG.

## Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktisimar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

# Íþróttaskóli Hauka



## Íþróttaskóli Hauka hefur verið starfræktur frá árinu 2007 og hefur ætíð vakið mikla lukku.

Sumarstarfið byrjaði mánudaginn 12. júní og hefur ásókn í skólann ætíð verið mikil. Nú þegar eru rúmlega 100 börn skráð á hin ýmsu námskeið sem skólinn býður upp á, en hægt er að velja um að vera hálfan daginn eða allan daginn.

Íþróttaskóli Hauka er eina námskeiðið hér í Hafnarfirði sem býður uppá heitan hádegismat fyrir þá krakka sem eru á námskeiðinu, hvort sem þau eru hálfan eða allan daginn.

## Íþróttaskóli Hauka býður upp á eftirtaldar greinar:

- **FJÖLGREINANÁMSKEIÐ** – Í fjölgreinanámskeiðinu er farið yfir allar helstu íþróttagreinar, farið í leiki, gönguferðir, sund og margt fleira. Fjölgreinanámskeiðið er alla morgna og einnig eftir hádegi í júní og til 7. júlí og svo í ágúst.
- **FÓTBOLTASKÓLINN** – Frábært námskeið þar sem hæfir þjálfarar sjá um að vera með skemmtilegar æfingar þar sem áhersla er lögð á grunntækni í knattspyrnu og einstaklingsþjálfun.
- **KÖRFUBOLTASKÓLINN** – Þarna er lögð áhersla á grunntækni og einstaklingsþjálfun. Hæfir þjálfarar og leikmenn úr mfl. sjá um æfingarnar. Þarna er verið að byggja upp fyrir komandi tímabil.
- **HANDBOLTASKÓLINN** – Fyrir þá sem vilja bæta kunnáttu sína í greininni og áhersla lögð á einstaklingsæfingar. Hæfir þjálfarar sjá um námskeiðið með leikmönnum úr meistaraflokkum félagsins.



Hægt er að nálgast allar nánari upplýsingar um verð og tímasetningar á námskeiðum á heimasíðu Hauka [www.haukar.is/sumarithrottaskoli-hauka](http://www.haukar.is/sumarithrottaskoli-hauka)

## 20. Ratleikurinn hefst í næstu viku

Margir bíða spenntir að hefja leikinn

Áhuginn vex með hverju ári á Ratleik Hafnarfjarðar sem nú er haldinn í 20. sinn. Markmiðið með leiknum er að hvetja til útivistar og náttúruskoðunar í fjölbreyttu landi upplands Hafnarfjarðar og um leið að vekja athygli á þeim fjölmörgu perlum sem leynast í okkar næsta nágrenni.

### VANDAÐ ÚTIVISTARKORT

Loftmyndakort á að auðvelda útivistarfólki að rata um svæðið og sjá betur breytingar á landi, mismunandi hraun o.s.frv. Kortið má að sjálfsgöðu nota í öllum gönguferðum enda eru merktir inn á það fjölmargir áhugaverðir staðir. Á kortinu er gömlum þjóðleiddum gerð skil í leiðarlýsingum.

Leikurinn nær yfir bæjarlandið vítt og breytt og jafnvel út fyrir það. Þátttakendur eru leiddir á staði með því markmiði að fólk kynnist bæjarlandinu um leið og menn njóta hressilegrar útivistar. Víða má rekast á minjar um veru fólks í hrauninum og sjá má stíga, hleðslur og gróna bletti. Í tilefni af 20. ratleiknum er þemað „Brot af því besta“ og farið á fomar slóðir eldri leikja auk þess sem gerði og garðar eru skoðaðir.

Kortið er væntanlegt úr prentun í næstu viku en fyrstu merkin eru þegar komin á sinn stað. Aðalstyrktaraðili leiksins er VHE ehf. en margir styrkja leikinn t.d. með veglegum vinningum og stuðningi.

Finndu „Ratleikur Hafnarfjarðar“ á Facebook.



## Opið til kl. 22 í Suðurbæjarlaug


Opið verður í Suðurbæjarlaug til kl. 22 virka daga og til 21. ágúst. Undantekning verður um verslunarmannahelgina þegar laugin lokar kl. 17 sunnudaginn 6. ágúst en verður opin frá kl. 8-21 á frídegi verslunarmanna. Nú í ár var opið á páskadag og á hvítasunnudag og var mjög góð aðsókn í laugarnar þessa rauðu daga og er gert ráð fyrir að aukin sumaropnun leggist einnig vel í bæjarbúa. Aukið aðgengi að sundlaugum er á



Lýsem: Guðni Gíslason

meðal þess sem lögð er áhersla á í nýlegri heilsustefnu Hafnarfjarðar.


## Hún hring minn ber



**GULLSMÍÐJAN**

*Suðrún Bjarnadóttir, gullsmíður*

LÆKJARGATA 34 c • HAFNARFJÖRÐUR • WWW.GULLSMIDJAN.IS



1 Bygðasafn

2 Bílastæði við bókasafnið

3 Bogfimi

4 Sölubásar

5 Austurgötu-hátíð

6 Hátíðarhöld á Thorsplani

# GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ

## Í HAFNARFIRÐI HÁTÍÐARHÖLD UM ALLAN BÆ 17. JÚNÍ 2017

Nánari upplýsingar á [hafnarfjardur.is](http://hafnarfjardur.is)  
og á Facebook síðu Hafnarfjarðar

### Hátíðardagskrá

- 8:00 **Fánar dregnir að húni og fánahylling.** Skátafélagið Hraunbúar flaggar fánum víða um bæinn.
- 11:00 **Þjóðbúningasamkoma í Víðistaðakirkju.** Annríki – Þjóðbúningar og skart veitir aðstoð við að klæðast þjóðbúningum og hvetur Hafnfirðinga til að taka fram þjóðbúninga allra landa.
- 11:00-13:00 **Afmæli Hraunbyrgis.** Skátafélagið Hraunbúar fagnar 20 ára afmæli Skátamiðstöðvarinnar Hraunbyrgis og munu hafa opið hús fyrir gesti með skátaleikjum og varðeldastemningu. Kaffisalan verður upp í Hraunbyrgi.
- 13:00 **Skrúðganga frá skátaheimilinu Hraunbyrgi.** Gengið niður Hjallabraut, eftir Flóka götu síðan Vesturgötu og inn Strandgötu að Thorsplani. Lúðrasveit Hafnarfjarðar og skátafélagið Hraunbúar leiða skrúðgönguna.
- Kl. 13:30-17:00 **Hátíðarhöld á Thorsplani**
- Karlakórinn Prestir, ávarp fjallkonu Evu Ágústu Aradóttur, setning Guðlaugar Kristjánsdóttur forseta bæjarstjórnar, ávarp nýstúdens Kristins Snæs Guðmundssonar.
- Skoppa og Skríttla, Alan Jones, Fitness æðid, Arabesque dans, Víkingabardagi – Rimmugýgur, Fjarskaland, DWC danshópur, atriði frá Gunna og Felix, Emmsjé Gauti, Júlladískó.
- Kynnar eru Gunnar Helgason og Felix Bergsson.



#### Göngum í bæinn

Göngum í bæinn, tökum Strætó eða leggjum löglega nærri miðbænum




#### Fjöl mörg bílastæði nærri miðbænum

Bendum á fjöl mörg bílastæði við Lækjarskóla, lónskólann, Flensborg eða lþróttahúsið Strandgötu. Bílastæði fatlaðra eru við Linnestíg 1



#### Engin bílaumferð

Miðbærinn verður lokaður fyrir bílaumferð á meðan hátíðarhöldum stendur



- 7** Loftboltar
- 8** Leiktæki og skotbakkar
- 9** Hafnarborg
- 10** Bátar frá Pyt og hestar frá Sörla
- 11** Skrúðganga frá Hraunbyrgi kl. 13
- 12** Víkingahátíð

## Skemmtidagskrá við Hafnarborg

### Opið í Hafnarborg frá kl. 12-17 Ókeypis aðgangur

- Sýning Einaris Fals Ingólfssonar „Land-sýn - í fótspor Johannesar Larsen“
- Sýning á verkum Söru Gunnarsdóttur og Unu Lorenzen „Dáið er allt án drauma“
- Anríki - Þjóðbúningar og skart mun ásamt Faldafréyjum sýna íslenska búninga.

### Við Hafnarborg

- Lúðrasveit Hafnarfjarðar og leikhópurinn á bakvið Hetjuna
- 14:00 Guttormur
- 14:35 Margrét Arnar og Birkir Blær
- 15:00 Línudans eldri borgara

## Skemmtidagskrá við Byggðasafnið

### Opið í sex húsum Byggðasafnsins frá kl. 11-17 auk ljósmyndasýningar á Strandstíg - Ókeypis aðgangur Við Pakkhúsið

- 14:00 Línudans
- 14:30 Guttormur
- 15:00 Fitness æðið
- 15:30 Devine Defilement

## Hátíðarhöld um allan bæ

### Dagskrá á Strandgötu, stræti og torg

- Á Strandgötunni verða sölubásar, leiktæki, skotbakkar, borðtennis, bogfimi, tónlist, þrautabraut og risa loftboltar.
- Margrét Arnar og Birkir Blær spila skemmtileg lög úr ýmsum áttum.
- Skapandi sumarstörf og listahópur úr Vinnuskóla Hafnarfjarðar verða á ferðinni.
- Klifur upp gamla pósthúsið.

### Bílastæði við bókasafnið

- Leiktæki
- Borðtennisdeild BH
- Bogfimi frá Íþróttafélaginu Freyju

### Austurgötuhatíð

- Verið velkomið á Austurgötuna
- Heimilislegt kaffihús, tælenskur veitingastaður, handverk, skart, bækur og nokkrir flóamarkaðir



### Gamli Lækjarskóli

- Siglingaklúbburinn Bytur verður með báta og kajaka á Læknum.
- Teymt undir börnum á hestum frá Hestamannafélaginu Sörla.

### Hjólabbrettahöllin

- Kl. 12:00-18:00 Opið verður fyrir alla í Hjólabbrettahöllinni á Flatahrauni hjá Brettafélaginu. Frítt inn.

### Sjúkrastofnanir

- Guðrún Gunnarsdóttir heimsækir sjúkrastofnanir ásamt Gunnari Gunnarssyni píanóleikara og heldur tónleika.

### Víkingahátíð

- Sólstöðuhátíð víkinga við Fjörukrána.



**Skiljum hundana eftir heima**  
Ekki er leyfilegt að vera með hunda á viðburðasvæðunum - hvorki lausa né í taumi

**Sjáumst í bænum á 17. júní!**  
hafnarfjordur.is



**HAFNARFJÖRÐUR**

## SMÁUGLÝSINGAR

## þjónusta

**Vantar þig einhverjum til að fara í garðvinnuna fyrir þig, hreinsa og gera hann finan?** Eg tek slíka vinnu að mér, hef mikla reynslu og er nákvæm, snyrtileg og rösk í vinnu. Ef þig vantar mína hjálp, sendu mér þá póst á jona74@gmx.at

**Garðsláttur í einum grænum.**

Tek að mér garðslátt og önnur smáverk. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

**Bílaþrif. Kem og sæki.** Bón verndar bílinn. Urvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

**Tek að mér að færa yfir (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.** Sýnishorn á siggileifa123.is síni 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

## smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is  
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.  
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

## Á DÖFINNI

## Hafnarborg

Sýningin Landsýn - í fótspor Jóhannesar Larsen með ljósmyndum Einars Fals Ingólfssonar og teikningum Jóhannesar stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar. Í Sverrissal stendur yfir sýningin „Dáið er allt án drauma“ með listakonunum Söru Gunnarsdóttur og Unu Lorenzen.


## Hraunbyrgi 20 ára

Skátamiðstöðin Hraunbyrgi er 20 ára og fagna skátarnir tímamótunum á þjóðhátíðardaginn með opnu húsi **kl. 11-13 17. júní**. Kaffisala, skátaleikur og varðeldastemning. Allir velkomnir.

## Frítt í Brettahöllina

Brettafélag Hafnarfjarðar ætlar að fagna þjóðhátíðardeginum 17. júní og bjóða öllum bæjarbúum og nágörðnum frítt í Brettahöllina, Flatahrauni 14, **kl. 12-18**.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is



## Er frisbígolf fyrir þig?

Hér í þessari stuttu grein langar mig útskýra í stuttu máli hvað það snýst um. Notast er við svipaðar reglur og í golfi og gengur leikurinn út að fara völlinn í sem fæstum köstum.

Í staðinn fyrir holur þá er notast við körfur með keðjum.

Þessi íþrótt er stunduð með sérstökum frisbígolfdiskum og eru m.a. sér þúttarar, driverar, midrangerar o.s.f.v.

Sportið virðist henta flestum óháð líkamlegu ástandi og aldri. Ættu nánast allir einstaklingar á aldrinum 2 til 90 ára að geta spilað það.

Þar sem þetta snýst meira um tækni en kraft, þá getur barn hæglega kastað lengra en fullorðinn.

Folf eins og það er einnig kallað hefur verið að vaxa nokkuð ört hér á landi allra síðustu ár.

Sem dæmi þá voru 5 vellir á Íslandi 2012 en í dag eru þeir orðnir 32 og stefnir í að þeir verði 40 í lok árs. Þar af eru 10 vellir á höfuðborgarsvæðinu.

Aðgangur er ókeypis á alla velli landsins.

Það er ekki dýrt að stunda þess íþrótt. Byrjendasett sem inniheldur 1 stk. þúttar, 1 stk. midrange og 1 stk. fairway driver kostar um 5.000 kr.

Það er meira að segja hægt að byrja aðeins með einn midrange disk sem kostar um 2.000 kr.

Íþróttin er viðurkennd af Alþjóðlega Ólympíusambandinu og er keppt í henni um allan heim.

Frisbígolfið er orðið það vinsælt að það eru til þó nokkrir atvinnumenn sem gera ekkert annað en að spila folf. Flest okkar láta sér nú samt nægja að spila þetta með vinum og/eða fjölskyldu.

Nýstofnaður er Frisbígolfklúbbur Hafnarfjarðar sem heldur vikulega hittinga í sumar og hálfsmánaðarlega hittinga í vetur. Einnig munum við bjóða upp á byrjendanámskeið fyrir áhugasama 18. júní næstkomandi.

Torfi Birgir Guðmundsson er formaður Frisbígolfklúbbs Hafnarfjarðar.

## Sjómenn heiðraðir

Þrjú sjómenn heiðraðir fyrir störf sín



F.v.: Þórður Pálmason, Júlíus Hólmgeirsson, Sveinrún Bjarnadóttir, Ívar Bjarnason og Gunnhildur Ásta Gunnarsdóttir.

Þrjú sjómenn voru heiðraðir fyrir störf sín og voru þeim veittar viðurkenningar á hátíð Sjómannaþingsins í Hafnarfirði sl. sunnudag.

Eftirtaldir voru heiðraðir:

**Ívar Bjarnason** háseti (66) sem byrjaði til sjós 16 ára gamall á togaranum Maí. Hann hætti störfum til sjós

árið 1991 en eignaðist svo sinn eigin bát árið 2010.

**Júlíus Hólmgeirsson** vélstjóri (67) sem einnig byrjaði til sjós 16 ára gamall en fyrst varð hann vélstjóri á Hörpu RE en var svo á ýmsum hafnirskum togurum og einnig á fraktskipum.

Júlíus er enn til sjós sem vélstjóri á Drífu GK sem stundar sæbjuþveidiar.


**Þórður Pálmason** skipstjóri (71) fór fyrst á sjó 12 ára gamall en tók við skipstjórn á Sigurbjörgu SU eftir nám. Síðast var Þórður skipstjóri á Jóhönnu Gísladóttur frá 2005-2016.

Sjá nánar á www.fjardarfrettir.is

## Opið hús hjá slökkviliðinu

Börnin fengu að sprauta vatni, kíkja í bílana og fara upp með körfubílnum

Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins var með opið hús á slökkvistöðinni við Skútahraun sl. laugardag og fjölmargir komu í heimsókn, prófuðu hin ýmsu tæki, léku sér í hoppkastölum slökkviliðsins. Tíðindamaður Fjardarfretta kíkti við með myndavélina.



# Bæjarbúar nutu sín vel við höfnina á Sjómannadeginum

Veðrið lék við bæjarbúa á Sjómannadeginum þó aðeins hafi blásið á þá sem brugðu sér í sjóferð með Eldingunni sem fór margar ferðir með trúfullt skip.

Fjögur lið kepptu í kappróðri, krakkar renndu sér í sjóinn og spreyttu sig á þrautabraut sem flaut á sjónum. Fjölmargt var í boði, Siglingaklúbburinn

Þytur bauð krökkum að prófa að sigla sem margir þáðu og skemmtun var á svið sem nú var staðsett við verbúðirnar við Fornubúðir.

Þyrta Landhelgisgæslunnar vakti mikla athygli undir lok hátíðarhaldanna sem „bjargaði“ tveimur úr sjónum og skilaði svo aftur - jafnvel beint í björgunarbátinn.

Almennt virtust bæjarbúar vera ánægðir með hátíðina enda vart annað hægt í því góða veðri sem var þennan dag.

Hér má sjá nokkrar myndir frá deginum en fleiri myndir má sjá á fréttavefnum [www.fjardarfrettir.is](http://www.fjardarfrettir.is)



## ÍÞRÓTTIR

### Fótbolti:

15. júní kl. 19.15, Ásvellir  
Haukar - HK, 1. deild karla

16. júní kl. 19.15, Ásvellir  
Haukar - KR, Úrvalsdeild kvenna

19. júní kl. 19.15, Kaplakriki  
FH - Víkingur R., Úrvalsdeild karla

20. júní kl. 18, Kaplakriki  
FH - Þór/KA, Úrvalsdeild kvenna

20. júní kl. 18, Vestmannaeyjar  
ÍBV - Haukar, Úrvalsdeild kvenna

### ÚRSLIT KARLA:

Grindavík - FH: (miðvikudag)  
Keflavík - Haukar: 3-0

### ÚRSLIT KVENNA:

FH - Valur: 0-4  
Próttur R. - Haukar: 0-3

## FJARÐAR fréttir



Smelltu á  
LIKE

og skoðu myndir  
á Facebook síðu  
Fjarðarfrétta

## FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á  
[fjardarfrettir@fjardarfrettir.is](mailto:fjardarfrettir@fjardarfrettir.is)



GRÓÐRARSTÖÐIN PÖLL

Tré og  
runnar  
í garðinn  
þinn

v/Kaldárselsveg  
555 6455 - 894 1268

[www.skoghf.is](http://www.skoghf.is)



# Víkingahátíð við Fjörúkrána

## 15.-18. júní 2017



### Fjölskylduhátíð

Víkingamarkaður, handverks- og bardagavíkingar, fornir leikir, glíma, bogfimi og axarköst, fjöllistamenn, víkingaskóli fyrir börn, víkingatónlist, eldsteikt lamb, víkingaveislur, kvöldvaka að hætti víkinga, dansleikir og fleira.

## Dagskrá Víkingahátíðar 2017

### Fimmtudagur 15. júní

- 13:00 Markaður opnaður
- 13:30 Víkingaskóli barnanna
- 14:00 Bardagasýning
- 14:30 Björke Asgar Bruun fjöllistamaður
- 14:30 Kalabalik, víkingahljómsveit frá Svíþjóð
- 15:00 Jerker Fahlström sögumaður
- 15:00 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munnigíju
- 16:00 Bardagasýning
- 16:30 Björke Asgar Bruun fjöllistamaður
- 17:00 Bogfimi og axakast
- 17:15 Sögustund í hellinum á hótelinu
- 17:15 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munnigíju
- 17:30 Kalabalik, víkingahljómsveit frá Svíþjóð
- 17:45 Björke Asgar Bruun fjöllistamaður
- 18:00 Bardagasýning
- 18:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munnigíju
- 20:00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum, Víkingasveitin og Kalabalik frá Svíþjóð spila
- 00:00 Lokun

### Föstudagur 16. júní

- 13:00 Markaður opnaður
- 13:30 Víkingaskóli barnanna
- 14:00 Bardagasýning
- 14:30 Björke Asgar Bruun fjöllistamaður
- 15:00 Jerker Fahlström sögumaður
- 15:00 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munnigíju
- 15:30 Kalabalik, víkingahljómsveit frá Svíþjóð
- 16:00 Bardagasýning
- 16:30 Jerker Fahlström sögumaður
- 16:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munnigíju
- 16:30 Bogfimi og axakast
- 17:00 Björke Asgar Bruun fjöllistamaður

- 17:30 Kalabalik, víkingahljómsveit frá Svíþjóð
- 18:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munnigíju
- 19:00 Bardagasýning
- 20:00 Lokun markaðar
- 20:00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum, Víkingasveitin og Kalabalik frá Svíþjóð spila
- 21:30 Einar Ágúst trúbador
- 00:00 Lokun

### Laugardagur 17. júní

- 13:00 Markaður opnaður
- 13:00 Mas-wrestling (plankakeffis tog)
- 13:30 Víkingaskóli barnanna
- 13:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munnigíju
- 14:00 Bardagasýning
- 14:00 Kalabalik, víkingahljómsveit frá Svíþjóð
- 14:30 Jerker Fahlström sögumaður
- 14:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munnigíju
- 14:45 Björke Asgar Bruun fjöllistamaður
- 15:00 Mas-wrestling (plankakeffis tog)
- 15:30 Kalabalik, víkingahljómsveit frá Svíþjóð
- 16:00 Bardagasýning
- 16:30 Bogfimi og axakast
- 16:30 Mas-wrestling (plankakeffis tog)
- 17:00 Víkingasveitin spilar og syngur
- 17:30 Jerker Fahlström sögumaður
- 17:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munnigíju
- 18:00 Björke Asgar Bruun fjöllistamaður
- 19:00 Bardagasýning
- 20:00 Lokun markaðar
- 20:00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum, Víkingasveitin og Kalabalik frá Svíþjóð spila

- 21:30 Einar Ágúst trúbador
- 00:00 Lokun

### Sunnudagur 18. júní

- 13:00 Markaður opnaður
- 13:00 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munnigíju
- 13:00 Kraftakeppni, sterkasti fatlaði maður Íslands og sterkasta valkyrja Íslands. Umsjón Magnús Ver
- 13:30 Víkingaskóli barnanna
- 13:30 Kalabalik, víkingahljómsveit frá Svíþjóð
- 14:00 Bardagasýning
- 14:30 Björke Asgar Bruun fjöllistamaður
- 15:00 Kraftakeppni, sterkasti fatlaði maður Íslands og sterkasta valkyrja Íslands. Umsjón Magnús Ver
- 15:30 Jerker Fahlström sögumaður
- 15:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munnigíju
- 16:00 Bardagasýning
- 16:30 Björke Asgar Bruun fjöllistamaður
- 16:30 Bogfimi og axakast
- 16:30 Kalabalik, víkingahljómsveit frá Svíþjóð
- 17:00 Kraftakeppni, sterkasti fatlaði maður Íslands og sterkasta valkyrja Íslands. Umsjón Magnús Ver
- 17:00 Víkingasveitin spilar og syngur
- 17:30 Jerker Fahlström sögumaður
- 17:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munnigíju
- 17:45 Björke Asgar Bruun fjöllistamaður
- 18:30 Kalabalik, víkingahljómsveit frá Svíþjóð
- 19:00 Bardagasýning
- 19:30 Lokaathöfn að hætti víkinga
- 20:00 Lokun markaðar
- 20:00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum, Víkingasveitin spilar
- 22:00 Loka samkvæmi Víkingahátíðar, Kalabalik frá Svíþjóð
- 00:00 Endir

Kynnir hátíðarinnar er Víkingur Kristjánsson leikari

## Víkingahátíðin er fyrir alla fjölskylduna

Nú líður að því að 22. hátíðin verði sett og að vanda verður hún fjölbreytt. Dágóður hópur erlendra víkinga kemur til okkar, sumir í 22. skipti. Víkingarnir eru sögumenn, götulistamenn, hljómlistamenn, handverksmenn sem meðal annars höggva í steina og tré, berja glóandi járn, leika á munnigíju, bardagamenn og bogamenn svo eitthvað sé nefnt. Víkingahópurinn Rimmugýgur og fjöldinn allur af víkingum víðsvegar af landinu hefur boðað komu sína hingað til okkar. Á þriðja hundrað víkingar verða þegar mest lætur og fjölhæfir eru þeir eins og áður var sagt.

Að lokum vil ég þakka þeim sem stutt hafa þetta framtak í gegnum árin en lógóin þeirra má sjá í dagskránni. Þeir hafa ekki brugðist og eru búnir að standa með okkur í gegnum öll árin og verður þeim seint fullþakkað. Það er von mín að þessi hátíð eigi eftir að halda uppi merki víkinga og halda áfram að gleðja þá gesti sem á hátíðina koma

Gleðilega Víkingahátíð  
Jóhannes Viðar Bjarnason

Nánari upplýsingar er að finna á heimsíðu okkar [www.fjorukrain.is](http://www.fjorukrain.is)

